

Til: Fjármála- og efnahagsráðherra

Frá: Bankasýslu ríkisins

Dags.: 15. janúar 2018

Efni: Kaupréttur Kaupskila ehf. á eignarhlut ríkisins í Arion banka hf.

Þann 3. janúar sl. óskaði fulltrúi Kaupþings ehf. (hér eftir „Kaupþing“), móðurfélags Kaupskila ehf. (hér eftir „Kaupskil“), sem heldur á 57,4% hlut í Arion banka hf. (hér eftir „Arion“), eftir því við Bankasýslu ríkisins (hér eftir „Bankasýslan“) að óformlegar viðræður myndu hefjast á milli aðila um nýtingu kaupréttar Kaupskila á 13% hlut ríkisins í bankanum. Kaupskil á einhliða rétt á að kaupa hlut ríkisins í Arion skv. hluthafasamkomulagi á milli ríkissjóðs, Kaupskila og Arion dags. 3. september 2009. Um er að ræða fortakslausan samningsbundinn rétt, sem er sérstaklega fjallað um í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Áður en að Kaupþing tekur ákvörðun um nýtingu kaupréttarins þurfa aðilar að sammælast um kaupverðið.

Eins og stendur er ágreiningur á milli Kaupþings og Bankasýslunnar um kaupverðið. Samkvæmt útreikningum Kaupþings nemur kaupréttarverðið um 22,1 ma.kr., en samkvæmt útreikningum Bankasýslunnar nemur það um 23,0 ma.kr.¹ Stafar mismunurinn af því, að Kaupþing telur að framtíðarvirði arðgreiðslna eigi að koma til frádráttar kaupverðinu, en ekki nafnvirði arðgreiðslanna eins og Bankasýslan telur.² Telur Bankasýslan að túlkun stofnunarinnar sé í samræmi við ákvæði samningsins samkvæmt orðanna hljóðan. Hefur stofnunin óformlega tilkynnt Kaupþingi um þessa túlkun. Kaupþing hefur ekki tekið ákvörðun um nýtingu kaupréttarins, en telur að ákvörðun þar að lútandi og fyrirleggjandi fjármögnun gætu legið fyrir í lok þessa mánaðar. Ákvörðun Kaupþings um nýtingu kaupréttarins gæti tengst niðurstöðu viðræðna félagsins við innlenda lífeyrissjóði um sölu á hlutum í Arion fyrir almennt útboð, sem nú standa yfir, og skráningu þeirra og ákvörðun Arion um að greiða hluti í Valitor Holding hf., sem arð til hluthafa, en búast má við því að stjórn bankans afgreiði tillögu þar að lútandi á fundi sínum 18. janúar n.k.

Samkvæmt kaupréttarákvæðum hluthafasamkomulagsins miðar brúttó kaupverðið við það, að ríkissjóður ávaxti hlutafjárframlag sitt til bankans á vöxtum á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabanka að viðbættu 5% álagi, eða um 10,9% á því tímabili, sem stuðst er við til útreiknings. Nettó kaupverðið, sem samsvarar 23,0 ma.kr., er reiknað eftir frádrátt á arðgreiðslu Arion til ríkissjóðs á tímabilinu. Samsvarar kaupverðið 0,80x af bókfærðu eigin fé hluthafa bankans þann 30. september sl. og 0,85x að frádregnum óefnislegum eignum.

¹ Allar fjárhæðir eru settar fram með fyrirvara um endanlega staðfestingu.

² Kaupþing hóf óformlegar viðræður við Bankasýsluna í október 2016 um nýtingu kaupréttarins. Taldi Kaupþing þá að miða ætti kaupréttarverðið við aðrar forsendur, m.a. styttra fjárfestingartímabil og að til frádráttar ætti einnig að koma sérstök arðgreiðsla Arion til ríkissjóðs að fjárhæð 6,5 ma.kr. Hafnaði Bankasýslan þessari túlkun m.a. vegna þess að ríkissjóður var eigandi bankans frá stofnun hans og að „arðgreiðslan“ var endurgreiðsla á fjármagnskostnaði ríkissjóðs. Virðist Kaupþing nú hafa samþykkt túlkun stofnunarinnar á þessum ákvæðum.